



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 16. júlí 2014

Ákvörðun nr. 24/2014

## **Sameiginleg yfirráð Eddu slhf. og Stekks fjárfestingarfélags ehf. yfir Securitas hf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 15. maí 2014 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Eddu slhf. (hér eftir Edda) og Stekks fjárfestingarfélags (hér eftir Stekkur fjárfestingarfélag) á 59,63% hlut í Securitas hf. (hér eftir Securitas) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdi m.a. kaupsamningur um kaup Eddu, Stekks fjárfestingarfélags og óstofnaðs hlutafélags í eigu Driver ehf. á 62,63% hlut í Securitas. Fyrir átti Stekkur fjárfestingarfélag 34,34% af hlutafé Securitas. Eftir samrunann fer Edda með 40% hlut í Securitas, Stekkur fjárfestingarfélag með 54% og hið óstofnaða hlutafélag í eigu Driver ehf. með 3% hlut. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrðin eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 23. júní 2014, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að rannsaka þyrfti samkeppnisleg áhrif samrunans frekar, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa upplýsinga og gagna frá aðilum málsins.

### **II.**

#### **Aðilar samrunans**

Aðilar samrunans eru Edda, Stekkur fjárfestingarfélag og Securitas. Í samrunaskrá kemur fram að með samrunanum fari Edda og Stekkur fjárfestingarfélag með sameiginleg yfirráð í Securitas, með vísan til hluthafasamkomulags sem félögin hafa undirritað um stjórnun félagsins og meðferð hluta.

Samkvæmt samrunaskrá er Stekkur fjárfestingarfélag í 100% eigu Kristins Aðalsteinssonar. Félagið leggur áherslu á fjárfestingar í fyrirtækjum með sterkt fjárstreymi, fasteignir og aðra fastafjármuni. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er rekstur fasteigna, fjárfesting í verðbréfum og lánastarfsemi. Fyrir samrunann fór Stekkur fjárfestingarfélag með 34,34% eignarhlut í Securitas. Þá fer félagið jafnframt með yfirráð yfir Límtré Vírneti ehf. ásamt eignarhaldsfélaginu Bingó ehf.



Þá segir í samrunaskrá að Fagfjárfestasjóðurinn Edda sé samlagshlutafélag. Tilgangur félagsins sé að ávaxta fé hluthafa með fjárfestingu í íslenskum fyrirtækjum, m.a. í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þeirra, breytingar á eignarhaldi eða vaxtarfjármögnun. Fjárfestingar félagsins séu einkum í formi hlutafjár en félagið hafi heimild til lánveitinga eða kaupa á breytanlegum skuldabréfum og sé heimilt að gera samninga um kaup- og sölurétti í tengslum við hlutabréfakaup.

Segir í samrunaskrá að Virðing hf. (hér eftir Virðing) fari með daglegan rekstur Eddu. Stjórnarformaður og starfsmenn Virðingar sitji í stjórn félagsins og dótturfélag Virðingar, AC GP3 ehf., sé ábyrgðaraðili yfir Eddu. Þá fari Virðing með atkvæðisrétt fyrir hönd Eddu í þeim fjárfestingum sem Edda á aðkomu að. Því fari Virðing með yfirráð Eddu í samkeppnisréttarlegum skilningi.

Samkvæmt samrunaskrá er Virðing alhliða verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og reksturs framtakssjóða. Fyrir lok árs 2013 tók Virðing yfir verðbréfafyrirtækið Auði Capital hf. Fjallaði Samkeppniseftirlitið um samrunann í ákvörðun þess nr. 36/2013, *Samruni Virðingar hf. og Auðar Capital hf.* Virðing hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að veita fjármálaþjónustu og er félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem því er heimilt samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins hverju sinni.

Þá kemur fram í samrunaskrá að í starfsemi Securitas felist alhliða öryggisþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Þjónustuframboð Securitas spanni öll svið mannaðrar gæslu og fjargæslu. Vörur sem félagið selji séu tengdar öryggismálum og telji m.a. innbrotaviðvörðunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, myndavélakerfi, aðgangsstýrikerfi og slökkvikerfi. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess sé alhliða öryggisgæsluþjónusta, ræstingarþjónusta, farþegaflutningar, þjónusta við aldraða, sjúka og fatlaða og hvers konar þjónusta sem tengist slíkum viðskiptum, kaup og rekstur fasteigna, lánstarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.

### III.

#### Markaðir málsins

Fram kemur í samrunaskrá að aðilar samrunans starfi á ótengdum og ólíkum mörkuðum. Segir í samrunaskrá að Securitas starfi á markaði fyrir öryggisþjónustu og þjónustu fyrirtækisins megi greina í nokkra þætti. Hafa samrunaaðilar lýst helstu þáttum þjónustunnar þannig að í fyrsta lagi sé um að ræða staðbundna mannaða gæslu þar sem öryggisvörður stundar öryggisvörslu við sama gæsluverkefni allan samningstímann, með stöðugri viðveru. Eðli þessarar þjónustu er að tryggja nauðsynlegt fyrirbyggjandi eftirlit og viðeigandi markviss viðbrögð ef eitthvað fer úrskeiðis. Í öðru lagi sé um að ræða farandgæslu þar sem öryggisvörður kemur í ákveðinn fjölda eftirlitsferða í viðkomandi fyrirtæki, samkvæmt þeim samningi sem gerður er um þjónustuna. Farandgæslu er beitt þar sem viðvörðunarbúnaði verður ekki komið við með góðu móti. Í þriðja lagi sé um að ræða bifreiðagæslu á bifreiðastæðum/-húsum og hliðvörslu fyrir fyrirtæki og stofnanir með afgirt athafnasvæði og takmarkaðan aðgang. Í fjórða lagi feli starfsemin í sér fjargæslu þar sem öryggiskerfi er tengt með símalínu eða GSM sambandi til stjórnstöðvar. Öryggisverðir bregðast við ef eitthvað beri út af. Í fimmta lagi sé um að



ræða verðmætaflutninga þar sem verðmæti eru flutt í sérhæfðum bílum og með öðrum sérhæfðum búnaði. Í sjötta og síðasta lagi falli sala, uppsetning og viðhald á mismunandi öryggisbúnaði og öryggiskerfum á heimilum og fyrirtækjum undir þá starfsemi sem Securitas og önnur öryggisþjónustufyrirtæki veiti.

Telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður vegna öryggisþjónustu teljist landið allt, Ísland, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2006, *Samruni Dagsbrúnar hf. og Securitas hf.*

Fram kemur í samrunaskrá að starfsemi Eddu felist í viðtöku fjármuna frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum. Því megi segja að starfsemi Eddu sé nátengd starfsemi Virðingar, enda fari Virðing með yfirráð Eddu og rekstur. Starfi Virðing á markaði fyrir fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og verðbréfamiðlun auk þess að bjóða þjónustu tengda ávöxtun fjármuna fjárfesta með sameiginlegri fjárfestingu í fjármálagerningum eða öðrum seljanlegum eignum.

Þá telja samrunaaðilar að þeir landfræðilegu markaðir sem Edda og Virðing starfi á hvað varði ofangreinda vöru-/þjónustumarkaði sé í öllum tilvikum landið allt, Ísland. Í langflestum tilvikum sé um að ræða þjónustu sem veitt sé hér á landi og sé starfsleyfis skyld samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samkeppniseftirlitið vísar til þess að fjallað var um markaði fyrir öryggisþjónustu í áðurnefndri ákvörðun eftirlitsins nr. 34/2006 vegna yfirtöku Dagsbrúnar hf. á Securitas. Var í þeirri ákvörðun miðað við að markaðurinn sem Securitas starfaði á væri markaður fyrir öryggisþjónustu sem hugsanlega mætti skipta í undirmarkaði eftir eðli þjónustu, t.d. vegna mismunandi þarfa viðskiptavina og kaupenda þjónustunnar. Ekki þótti þó ástæða í því máli að skilgreina undirmarkaði öryggisþjónustu. Samkeppniseftirlitið telur að hið sama eigi við í þessu máli og að málið varði heildarmarkað fyrir öryggisþjónustu eins og honum er lýst hér að ofan. Er þessi niðurstaða einnig í samræmi við mat samrunaaðila.

#### **IV.**

##### **Niðurstaða**

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfa á. Þannig starfi þeir á ótengdum mörkuðum og er því um svokallaðan samsteypusamruna að ræða (*e. conglomerate merger*). Hvorki sé lárétt né lóðrétt skörun á milli starfsemi samrunaaðila og því auki enginn þeirra við markaðshlutdeild sína eða styrki hana. Fyrir liggir að samrunaaðilar eigi ekki hluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvers annars. Af því leiði að möguleg neikvæð samkeppnisleg áhrif samrunans séu ekki til staðar.

Er það mat samrunaaðila að jafnframt beri að hafa í huga að ekki sé um að ræða verulega breytingu á eignarhaldi Securitas. Fyrir samruna þann sem hér sé fjallað um hafi Stekkur fjárfestingarfélag og Auður I, sem lúti sömu yfirráðum og Edda, verið stórir hluthafar í Securitas. Með viðskiptunum auki Stekkur fjárfestingarfélag hlut sinn og nýr sjóður á vegum Virðingar komi inn í hluthafahópinn. Fjárfestingarfélagið Norðurljós og Auður I hverfi um leið úr hluthafahópi félagsins. Telja samrunaaðilar að þessi breyting á hluthafahópi Securitas hafi engin áhrif á styrk félagsins, þannig að samkeppni sé með



einhverjum hætti raskað. Fjárhagslegur styrkleiki Stekks fjárfestingarfélag, Eddu eða Virðingar sé ekki slíkur að Securitas geti að einhverju leyti dregið aukinn efnahagslegan styrk frá þessum aðilum.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þeir fjárfestar sem hlut eiga að fjárfestingarsjóðnum Eddu eru margir hverjir öflugir fjárfestar sem eiga hagsmuni mun víðar en í sjóðum Virðingar. Fyrir liggur þó að eignarhald Eddu er mjög dreift og á aðeins einn aðili, sem á óverulegan hlut í því félagi, hlut í keppinauti Securitas.<sup>1</sup> Þá liggur jafnframt fyrir að Virðing, Edda og Stekkur fjárfestingafélag eiga ekki hluti í keppinautum Securitas. Þá er að mati Samkeppniseftirlitisins fjárhagslegur styrkleiki Virðingar og Stekks fjárfestingarfélags ekki slíkur að þau sjónarmið sem fram koma í úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu* eigi við í máli þessu.

Með hliðsjón af framangreindu er það því mat Samkeppniseftirlitisins að sameiginleg yfirráð Eddu og Stekks fjárfestingarfélags yfir Securitas muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

## VI.

### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Eddu slhf., Stekks fjárfestingarfélags ehf. og Securitas hf.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson

---

<sup>1</sup> [...]Fellt út vegna trúnaðar.